



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 8. september 2017

Niðurstaða athugunar á markaðsefni Íslandssjóða hf.

Fjármálaeftirlitið tók upplýsingagjöf og framsetningu Íslandssjóða hf. á markaðsefni um fjárfestingarsjóðinn IS Óverðtryggður sjóður til athugunar. Athuginin beindist að því hvort auglýsing félagsins um ávöxtun sjóðsins, sem birtist í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins, þann 18. janúar 2017, væri í samræmi við 28. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 107/2008 um verðbréfiðskipti.

Fjármálaeftirlitið gerði eftirfarandi athugasemdir við efni auglýsingarinnar:

- Í auglýsingunni var aðeins sett fram söguleg gengisþróun sjóðsins, en ekki söguleg ávöxtun. Að mati Fjármálaeftirlitsins var það ekki í samræmi við b-lið 4. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar sem tiltekur að viðeigandi upplýsingar, byggðar á 12 mánaða tímabilum, skulu gefnar um árangur síðustu fimm ára eða annað lengra tímabil, eftir því sem fjármálafyrirtæki ákveður. IS Óverðtryggður sjóður var stofnaður í október 2014 og voru upplýsingar um árangur sjóðsins gefnar aftur til þess tíma. Það er álit Fjármálaeftirlitsins að með *viðeigandi upplýsingar, byggðar á 12 mánaða tímabilum* í ofangreindu ákvæði reglugerðarinnar sé átt við að upplýsa beri um ávöxtun sjóðsins fyrir hvert 12 mánaða tímabil starfstíma sjóðsins ef hann er styttri en 5 ár. Upplýsingar um ávöxtun sjóðsins fyrir árið 2016 voru þó veittar í texta.
- Viðvörðun um áhættu af viðskiptum með hlutdeildarskírteini í sjóðnum var birt neðst í auglýsingunni í smærra letri samanborið við annan texta í auglýsingunni. Að mati Fjármálaeftirlitsins var það ekki í samræmi við b-lið 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar en þar kemur fram að ef fjallað er um hugsanlegan ávinning af verðbréfiðskiptum eða viðskiptum með fjármálagerninga skuli bent á hvers kyns áhættu sem því kunni að tengjast á sanngjarnan og áberandi hátt. Við mat á því hvað telst áberandi í heilsíðuauglýsingu telur Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að líta til þátta svo sem staðsetningar, framsetningar og stærðar þess texta sem um ræðir.

Fjármálaeftirlitið krafðist viðeigandi úrbóta og í kjölfarið breyttu Íslandssjóðir hf. auglýsingunni þannig að hún samræmdu kröfum 28. gr. reglna nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti.